

39. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 króna sektum.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. nóvember þ. á., og er þá úr gildi fallin heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyjakauptún og sjóþorp frá 25. júní 1903.

Þetta er hjér með gert heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. október 1925.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglu-
fjarðarkaupstað, frá 30. júní 1921.

1. gr.

2. gr. reglugjörðarinnar breytist þannig að

fyrir 6‰	komi 3‰
— 5‰	— 2½‰
— 4‰	— 2‰
— 3‰	— 1½‰
— 2‰	— 1‰

Lækkun þessi nær þó ekki til síldarverksmiðjuhúsa.

81

28. okt.

82

12. nóv.

82

12. nóv.

2. gr.

7. gr. hljóði svo:

Af hverri saltaðri síldartunnu í Siglufirði greiðist 3 — þrír — aurar í vatnsgjald, af hverri kryddaðri tunnu síldar 6 aurar, af hverju skippundi fiskjar 25 aurar. Vatnsgjaldið greiðist þegar þess er krafist. Vatnsnotandi gefi formanni vatnsveitunefndar fyrir 1. sept. ár hvert skýrslu um hve mörg skippund fiskjar og hve margar tunnur síldar hann hafi saltað s.l. ár.

3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Þeim, sem eyða vatni að óþörfu, að álitu vatnsveitunefndar, getur bæjarstjórnin neitað að selja vatn, nema um vatnsmæli, sem vatnsnotendur kosta. Slíkir vatnsnotendur greiði 3 kr. fyrir hverja smálest vatns, sem þeir nota.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefir samið, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóv. 1925.

Jón Þorláksson.

Oddur Hermannsson.

83

16 nóv.

FISKIVEIÐASAMÞYKT..

fyrir

Vestmannaeyjar.

1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem þar ganga til fiskjar yfir vetrarvertíð og eigi eru stærri en 30 smálestir.

2. gr.

Frá 1. degi janúarmánaðar til 31. mars, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar seinna að degi en kl. 4 e. h. og frá 1. apríl til loka þess mánaðar kl. 7 e. h.

Frá 1. til 31. janúar má eigi fara til fiskjar fyr en kl. 5 f. h. Frá 1. til 15. febrúar að báðum dögum meðtöldum kl. 4½ fyrir hádegi. Frá 15.